

# Úthreinsun fyrir TEM skurðaðgerð á endaparmi

Fyrir skurðaðgerð á endaparmi þarf að nota hægðalosandi lyf til að hreinsa ristilinn áður en til aðgerðar kemur. Mikilvægt er að fylgja neðangreindum fyrirmælum til að aðgerðin megi takast sem best.

Í innskriftarviðtali veitir læknir upplýsingar um hvaða lyf má taka meðan á úthreinsun stendur. Kaupa þarf hægðalosandi lyfið Moviprep og tvær túpur af Klyx 120 ml, en lyfin fást án lyfseðils í apóteki.

## Daginn fyrir aðgerð

Daginn fyrir aðgerð á að borða tært fljótandi fæði. Einnig þarf að gæta þess að drekka að minnsta kosti 1,5 líter af vökva meðan á úthreinsun stendur og ráðlagt er hreyfa sig aðeins. Ef úthreinsivökvinn þykir bragðvondur getur verið ráð að kæla hann aðeins eða sjúga brjóstsýkur.

Til að fyrirbyggja óþægindi við endaparm er gott að nota mýkjandi eða vatnsfráhrindandi krem, svo sem AD krem, Vaselín eða Bepanthea áður en úthreinsunarvökvinn er drukinn.

- Klukkan 11:00 er fyrri skammti af Moviprep dufti (poki A og B) blandað með einum líter af vatni skv. fylgiseðli lyfs. Drekkja þarf 50-100 ml af vökvablöndunni á 10 - 15 mínútna fresti. Gera þarf ráð fyrir að þetta taki um 1-2 klukkustundir.
- Klukkan 18:00 er seinni skammtur (poki A og B) af Moviprep dufti blandað á sama hátt og fyrir í einn lítra af vatni og drukinn á 1-2 klukkustundum eins og áður.
- Um klukkan 21:00 þarf að setja hægðalosandi lyf (Klyx) í endaparm.

Aðgerðardagur: \_\_\_\_\_ dagur \_\_\_\_\_

- Drekka má tæra vökva (ekki þamba) þar til tvær klukkustundir eru til aðgerðar.
- Klukkan \_\_\_\_\_ þarf aftur að setja hægðalosandi lyf (Klyx) í endaparm.

### Dæmi um tært fljótandi fæði:

- Tært fitulítið soð, t.d. soð af teningum
- Síaðar tærar grænmetissúpur
- Síaðar ávaxta- og saftsúpur
- Hafraseyði eða hrisgrjónaseyði
- Ávaxtahlaup (jello)
- Ávaxtasafar, t.d. epla- eða ananassafi
- Frosnir ávaxtasafar (frostpinnar án súkkulaði)
- Gosdrykkir
- Gatorade (ávaxtadrykkur)
- Orkudrykkir, ekki mjólkurlagaðir
- Te og kaffi, gjarnan með sykri eða hunangi

**Athugið að mjólkurvörur eru ekki tærar**

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Innskriftarmiðstöð 10E, sími 543 2039, Landspítala Hringbraut